

LV-2014-044



Landsvirkjun



# Þyngdarmælingar í Kröflu í ágúst 2013



LV-2014-044



# Þyngdarmælingar í Kröflu í ágúst 2013



ÍSOR-2014/007

Verknr.: 13-0358

Apríl 2014



## Lykilsíða



Skýrsla LV nr: LV-2014-044

Dags: Apríl 2014

Fjöldi síðna: 26 +  
viðauki

Upplag: 7

Dreifing:

- Birt á vef LV  
 Opin  
 Takmörkuð til

Titill: Þyngdarmælingar í Kröflu í ágúst 2013.

Höfundar/fyrirtæki: Ingvar Þór Magnússon

Verkefnisstjóri: Ásgrímur Guðmundsson f.h. LV

Magnús Ólafsson f.h. ÍSOR

Unnið fyrir: Unnið af Íslenskum orkurannsóknum fyrir Landsvirkjun

Samvinnuaðilar:

Útdráttur:

Í skýrslunni er fjallað um þyngdarmælingar í Kröflu í ágúst 2013. Mælt var net með 39 mælistöðum. Netið var tengt við grunnstöð þyngdarmælinga á Aðaldalsflugvelli. Nokkrar stöðvar eru sameiginlegar með netum sem voru mæld 2011 við Þeistareyki og 2012 við Bjarnarflag. Vegna mælinganna voru settar fjórar nýjar stöðvar. Jarðvísindastofnun Háskólans gerði GPS-mælingar í mælistöðum sumarið og haustið 2013. Netið er nú mælt í fyrsta sinn en það verður í framtíðinni notað til eftirlits með land- og þyngdarbreytingum á vinnslusvæði jarðhitans við Kröflu. Nokkrir punktar í netinu voru mældir sumarið 2000. Samanburður við þær mælingar sýnir að þyngdarbreytingar á Kröflusvæði frá 2000 til 2013 eru óverulegar.

### Lykilorð:

Krafla, mælistöð, stöðvarlýsingar,  
þyngdarmælingar

ISBN nr:

Samþykki verkefnisstjóra  
Landsvirkjunar

Undirskrift verkefnisstjóra

Yfirfarið af

KÁg



# Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Inngangur</b>	<b>7</b>
<b>2</b>	<b>Mælinet og mælistöðvar</b>	<b>9</b>
2.1	Gamlar mælistöðvar og nýjar . . . . .	9
2.2	Nöfn mælistaða . . . . .	9
2.3	Hnit og hæðir mælistaða . . . . .	10
<b>3</b>	<b>Þyngdarmælingar í ágúst 2013</b>	<b>10</b>
3.1	Yfirlit . . . . .	10
3.2	Tækishæð og stillingar þyngdarmælis . . . . .	12
3.3	Úrvinnsla og niðurstöður . . . . .	20
<b>4</b>	<b>Þyngdarbreytingar frá 2000 til 2013</b>	<b>22</b>
<b>5</b>	<b>Heimildir</b>	<b>26</b>
	<b>Viðauki: Stöðvalýsingar</b>	<b>27</b>

## Töflur

1	Dæmi um heiti mælistöðva . . . . .	9
2	Scintrex CG5, aðgerðir . . . . .	14
3	Scintrex CG5, valmyndir . . . . .	14
4	Scintrex CG5, stillingar . . . . .	14
5	Scintrex CG5, mæling . . . . .	15
6	Þyngdarmælingar í ágúst 2013. Stöðvarmeðaltal . . . . .	16
7	Helstu forskriftir við úrvinnslu þyngdarmælinga . . . . .	21
8	Niðurstöður þyngdarmælinga 2013 . . . . .	21
9	Leiðréttingar og þyngdarbreytingar 2000–2013 . . . . .	23

## Myndir

1	Þyngdarmælingar við Þeistareyki, Bjarnarflag og Kröflu 2011-2013 . . .	8
2	Þyngdarmælingar við Kröflu í ágúst 2013 . . . . .	11
3	Þrístúfur og fastmerki . . . . .	12
4	CG5-þyngdarmælir á mælistað . . . . .	12
5	CG5-þyngdarmælir. Skjár og lyklaborð . . . . .	13
6	Þyngdarbreytingar 2000–2013 . . . . .	24
7	Þyngdarbreytingar 2000–2013 – leiðrétt vegna hæðarbreytinga . . . . .	25



# 1 Inngangur


Við þyngdarmælingar til eftirlits með jarðhitasvæðum er gerð nákvæm mæling á þyngdarhröðun eða aðdráttarkrafti jarðar. Með endurteknum þyngdar- og hæðarmælingum má fylgjast með massabreytingum undir yfirborði. Nái jarðhitavökvi ekki að endurnýjast nægilega hratt við vinnslu veldur það lækkun vatnsborðs og þar með lækkun þyngdarsviðs vegna þess að massi færist úr berggrunninum.

GPS-mælingar varpa ljósi á hreyfingar yfirborðs og landsig sem getur orðið við vinnslu jarðhita. Ef þyngdarmælingar eru gerðar á GPS-mælistöðunum má gera nauðsynlegar leiðréttingar vegna áhrifa hæðarbreytinga á þyngdarbreytingar og nota mælingarnar til að leggja mat á massabreytingar sem verða vegna vinnslu jarðhitans.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir þyngdarmælingum í neti með 39 mælistöðum á Kröflusvæði sumarið 2013. Netið var tengt við grunnstöð þyngdarmælinga á Aðaldalsflugvelli og einnig var mælt í mörgum stöðvum sem voru mældar við Þeistareyki árið 2011 og Bjarnarflag 2012 (Ingvar Þór Magnússon, 2011, 2012).

Mynd 1 sýnir net þyngdarmælinga ÍSOR á jarðhitasvæðum við Kröflu, Bjarnarflag og Þeistareyki frá 2011 til 2013. Ráða má af mynd 1 að nokkuð vantar upp á að mælingar á Þeistareykjum spanni jarðhitasvæðið í vestri og til norðausturs. Einnig eru litlar mælingar til norðausturs frá Kröflu. Þá hafa enn ekki verið gerðar þyngdarmælingar á jarðhitasvæðinu sem kennt er við Gjástykki.

Landsvirkjun ákvað að Jarðvísindastofnun Háskólans gerði GPS-mælingar en Íslenskar orkurannsóknir önnuðust þyngdarmælingar við Kröflu sumarið 2013. Sama verkaskipting var við mælingar á Þeistareykjum 2011 og við Bjarnarflag 2012.



Mynd 1: Pyngdarmælingar við Peistareyki, Bjarnarflag og Kröflu 2011-2013. Mælistaðir eru sýndir með svörtum hringjum og svört strik sýna hvernig mælistaðirnir eru tengdir saman með mælingum. Mörk jarðhitasvæða við Peistareyki, Gjástykki, Kröflu og Bjarnarflag samkvæmt viðnámsmælingum eru sýnd með rauðum ferli. Helstu sprungur og misgengi eru sýnd með grönnum, brúnum strikum.

## 2 Mælinet og mælistöðvar

### 2.1 Gamlar mælistöðvar og nýjar

Áður en mælingar hófust var farið um mælisvæðið í tvo daga til að finna gamla landmælingastaði og ganga úr skugga um hvort nota mætti þá bæði til GPS- og þyngdarmælinga. Lögð var áhersla á að velja stöðvar sem í áraraddir hafa verið notaðar við landmælingar en í þeim hópi eru fallmælistöðvar Orkustofnunar og Landsvirkjunar, hallamælistöðvar Norrænu eldfjallastöðvarinnar og GPS-mælistöðvar frá Jarðvísindastofnun Háskólans. Við val mælistaða var haft í huga að þeir væru í góðri klöpp, helst við veg eða slóð. Vali mælistaða var ekki að fullu lokið þegar mælingar hófust og var stuttum könnunarferðum haldið áfram þegar veður var óhallkvæmt til þyngdarmælinga.

Settar voru tvær nýjar stöðvar: TR40 austan Gæsafjalla og TR41 norðan Kollóttuöldu á Hólasandi. Fyrr um sumarið höfðu starfsmenn Jarðvísindastofnunar sett tvær stöðvar: AMTM við leið að Skógarmannafjöllum og GDAL í Gæsadal. Lýsingar allra mælistöðva, annarra en lýst er í skýrslum um mælingar 2011 og 2012 (Ingvar Þór Magnússon, 2011, 2012), eru í viðauka. Ljósmyndir voru teknar af öllum mælistöðum (utan GDAL) og eru þær geymdar hjá Íslenskum orkurannsóknum.

### 2.2 Nöfn mælistaða

Í þessari skýrslu er stutt nafn mælistaða notað í töflum og á myndum, þ.e. einkennisstafir stofnunar, hugsanlega ásamt bandstriki og jafnvel ártali, eru felldir brott úr fullu nafni mælistaðar. Í stöðvarlýsingum, sem eru í viðauka þessarar skýrslu, kemur fram fullt nafn mælistöðvar.

Tafla 1: *Dæmi um heiti mælistöðva.*

Fullt nafn	Stytt nafn	Gervi-númer	Nafn Jarð-vísindast.	Áletrun
OS-KB11	KB11	<b>11</b>		Engin
OS-K89	K89	<b>89</b>	K089	Engin
VR120271	VR71	<b>971</b>		VR95-120271
JH-GDAL	GDAL	<b>8801</b>	GDAL	Engin
JH-AMTM	AMTM	<b>8802</b>	AMTM	Engin
JH-KROV	KROV	<b>8803</b>	KROV	Engin
IO-BF14	BF14	<b>9114</b>		IO-2012-BF14
IO-TR19	TR19	<b>9219</b>		IO-2011-TR19
OS-KV20	KV20	<b>9420</b>		Engin
TUBS517	T517	<b>9517</b>		TUBS517
NE0095	NE95	<b>9695</b>		00-95
LV95-6111	6111	6111	L111	LV95-6111
OS5595	5595	5595	L595	OS-1974-5595

Þyngdarmælirinn leyfir aðeins tölustafi í heiti mælistöðva. Þetta skilyrði var uppfyllt með því að gefa stöðvum með bókstafi í nafni sínu „gervinúmer“ áður en mælingar hófust. Stöðvar, sem hafa bókstafi (BF, TR eða NE) auk tveggja tölustafa í heiti, fengu tölustafina 91, 92 eða 96 í stað bókstafanna (dæmi: BF14 → 9114). Í töflu 1 eru sýnd dæmi um nöfn mælistaða og hvernig stytt heiti og „gervinúmer“ eru mynduð. Oftast er auðséð hvernig stytt heiti er dregið af fullu nafni.

## 2.3 Hnit og hæðir mælistaða

Sumarið og haustið 2013 gerðu starfsmenn Jarðvísindastofnunar GPS-mælingar á þyngdarmælistöðunum. Undantekningar eru þrjár: Í stað GPS-mælinga í stöð NE24 voru gerðar mælingar í NE20 (MYVA), sem er 25 m til suðvesturs frá NE24. Hvorki voru gerðar GPS-mælingar í NE90 né NE91 en var mælt í stöð NE95, sem er um 25 m austan NE90 og 30 m sunnan NE91.

Hnit eru reiknuð í kerfi ITRF2008 (2012.8) og gefin sem lengd og breidd ásamt hæð yfir sporvölu WGS84. Hjá Íslenskum orkurannsóknum voru reiknaðar hæðir yfir láflöt með forriti *ell2ele* og „bias“ -1,171. Talið er að þannig fáiist hæðir með minni óvissu en 0,2 m. Hér verður að hafa í huga að ekki er þörf á nákvæmum upplýsingum um hæð og legu mælistaða við úrvinnslu þyngdarmælinga. Hinsvegar, ef bera á saman þyngdarbreytingar milli ára, er þörf á upplýsingum um hæðarbreytingar á sama tímabili til að leiðrétta vegna áhrifa þeirra á þyngd.


## 3 Þyngdarmælingar í ágúst 2013

### 3.1 Yfirlit

Sumarið 2013 var þyngdarmælt í neti með 39 stöðvum. Mælingar tóku 14 daga og voru þær gerðar í tveimur áföngum á tímabilinu 10.–29. ágúst. Skýrsluhöfundur var einn við mælingarnar.

Netið er sýnt á mynd 2. Línur, sem dregnar eru á milli mælistaða, tákna að mæling hefur verið gerð (fram og til baka) á milli þeirra. Mælinetið spannar landsvæðið frá Þjóðveginum um Námaskarð í suðri og norður fyrir Gæsafjöll. Vesturhluti netsins er á Hólasandi en austustu mælistaðirnir eru við slóð að Dettifossi um Austaribrekku. Frá stöð 5604 við Reykjahlíð var netið tengt við grunnstöð þyngdarmælinga OS7426 á Aðaldalsflugvelli. Fjórar stöðvar nyrst á mælisvæðinu eru sameiginlegar með neti, sem mælt var við Peistareyki 2011, og fimmtán stöðvar á suðurhlutanum eru í neti sem mælt var við Bjarnarflag 2012.

Nýr þyngdarmælir að gerð Scintrex CG5 var notaður í fyrsta sinn við mælingar. Eins og áður er mældur þyngdarmunur á milli stöðva og mælingum hagað þannig að unnt sé að leiðrétta þær vegna reks (drift) í þyngdarmælinum. Línur milli fastmerkja voru mældar fram og til baka í sömu mæliferð. Gengið er í stöðvar KV20, 5678 og NE95 vestan Leirhnjúks og einnig í 5673 norðaustan Kröflufjalls en í aðra staði er ekið. Þegar ferðast var milli staða í bifreið var þyngdarmælirinn settur á púða í aftursætið og festur með öryggisbelti. Mæling í hverri mælistöð tók um 10 mínútur.



Mynd 2: Þyngdarmælingar við Kröflu í ágúst 2013. Mælistaðir eru sýndir með svörtum hringjum en strik á milli þeirra sýna hvernig þeir eru tengdir með þyngdarmælingum. Lína til vesturs frá stöð 5604 táknar mælingar til grunnstöðvar 7426 á Aðaldalsflugvelli, sem er langt utan kortsins. Tölur innan hringis sýna samtölu mælds þyngdarmunar (í µgal) réttisælis í lokuðum marghyrningi.

### 3.2 Tækishæð og stillingar þyngdarmælis

Reynt er að haga uppstillingu eins í hvert sinn sem stillt er upp í sömu mælistöð. Viðleitni í þá átt er að við komu á mælistað horfir mælingamaður mót norðri sé þess nokkur kostur (sjá skótærnar neðst á mynd 3). Mælingamaðurinn leggur þristúf yfir mælingamerkið þannig að einn leggur þristúfsins snýr að honum og merkið verði innarlega í kverkinni sem veit mót vestri.



Mynd 3: Þristúfur og fastmerki. Merkið, koparbolti með skífu, er neðan við litla, hvíta ferninginn á arminum sem veit til vest-norðvesturs.



Mynd 4: CG5-þyngdarmælir á mælistað.

Þyngdarmælirinn er lagður varlega á þristúfnum sem fellur í gróp á botni mælisins. Til að stilla mælinn láréttan eru notaðar tvær skrúfur, önnur á þeim legg þristúfsins sem veit í austlæga átt en hin á leggnum sem veit að mælingamanni. Þriðja skrúfan, á leggnum með libellunni (lítill, gulur hringur á mynd 3), er látin óhreyfð.

Stytttri armur vinkils (eins og notaður er við trésmíðar) er lagður á fastmerkið undir þyngdarmælinum en lengri armur vinkilsins lóðréttur með hlið hans. Á lengri arminum er kvarði með núllpunkt í kverk vinkilsins en sá núllpunktur er 32 mm ofan boltans. Álestur á kvarðann við granna línu, við botn þyngdarmælis, er skráð sem tækishæð. Tækishæð (í mm) ásamt númeri mælistaðar er skráð í minni mælisins og mælibók. Hugsanlegt er að skrá tækishæðina sem summu nokkurra talna, eins og sýnt er hér að neðan, en það er **ekki** gert hér – höfuðatriði er að tækishæðin sé alltaf mæld og skráð á sama hátt.

Álestur	Álestur yfir kverk vinkils (hér skráð sem tækishæð)
+32 mm	breidd skammááss vinkils
+89 mm	hæð „þyngdarmiðju“ mælis yfir botni hans
Samtala	ekki notuð hér

Að lokinni uppstillingu þarf að bíða í um 5 mínútur á meðan mælirinn nær jafnvægi. Sá tími er notaður til að mæla og skrá tækishæð ásamt upplýsingum um mælistað í mælibók. Framleiðandi CG5-þyngdarmælisins gerir ekki ráð fyrir að tækishæð sé skráð í tækið ásamt álestrinum og því er brugðið á það ráð að skrá tækishæðina (í mm) í svið sem að öðru jöfnu er ætlað til að nota fyrir landhæð mælistaðar.

Mynd 5 sýnir lyklaborð og skjá ofan á þyngdarmælinum. Hnappar með rauðu letri virkja aðgerðir sem lýst er í töflu 2 en í töflu 3 eru taldar valmyndir ásamt stuttum skýringum. Valmyndir eru virkjaðar með því að ýta á <setup>, nota örvatakkanu til að auðkenna valkostinn og að lokum ýta á <enter> til að virkja hann. Stillingum þyngdarmælis var hagað eins og sýnt er í töflu 4.



Mynd 5: CG5-þyngdarmælir. Skjár og lyklaborð.

Í töflu 5 eru talin sex skref sem tekin eru til að fá einn álestur. Mælitími var 1 mínúta en á þeim tíma er gerð mæling á sjálfvirkan hátt á sekúndu fresti. Við hverja mælingu birtist uppsafnað meðaltal og staðalfrávik ( $\sigma$ ) á litlum skjá. Mælingu er hafnað viki hún meira en  $4\sigma$  frá meðaltalinu. Í lok mælitíma er álestur skráður í mælibók og í minni þyngdarmælisins. Álestrar voru jafnan þrjár.

Tafla 2: *Scintrex CG5, aðgerðir.*

Aðgerðahnappur	Virgni
SETUP	Aðalvalmynd.
RECALL	Skoða fyrri mælingar.
LCD	Stilla birtu skjás og skerpu.
INFO	Upplýsingar um tæki og hugbúnað. Hleðsla á rafhlöðum.
NOTE	Athugasemdir við mælingu, t.d. landhæð í bogreitum Hammers.
ESC	Skjámynd: Eikin, eplið og Newton. (Tilgangur óviss.)
HELP	Alltaf má biðja um hjálp en hún er takmörkuð.

Tafla 3: *Scintrex CG5, valmyndir.*

Valmynd	Skýring
Survey	Mæliátak, verkkaupi, mælingamaður, staðartími o.fl. <sup>1)</sup>
Autograv	Ýmsar leiðréttingar (á/af), tækisfastar (tvær skjámyndir) o.fl. <sup>2)</sup>
Options	Fjöldi mælinga, töf, mælinúr, mælistöðvar (ekki notað) o.fl.
Clock	Dagsetning og tími. Stillingar. <sup>2)</sup>
Dump	Samskipti við jaðartæki. Lesa úr minni. <sup>3)</sup>
Memory	Upplýsingar um minni. Eyða gögnum. <sup>1)</sup>
Service	Uppfærsla, prófanir o.fl. <sup>1)</sup>

1) Gert áður en mæliátak hefst.

2) Gert eftir þörfum.

3) Gert í lok hvers dags.

Tafla 4: *Scintrex CG5, stillingar.*

Leiðrétt vegna þyngdaráhrifa tungls og sólar (tide correction) <sup>1)</sup>	nei
Leiðrétt vegna hallabreytinga (continuous tilt correction)	nei
Útlögum hafnað (auto reject)	já
Jarðskjálftasía (seismic filter)	nei
Skrá 1Hz gögn (record raw data)	nei
Mælitími í sekúndum (read time)	60
Bíðtími fyrir mælingu í sekúndum (start delay)	4

1) Gert síðar við úrvinnsluna



Tafla 5: *Scintrex CG5*, mæling.

---

1. ON/OFF	Kveikja á skjá. (MEASURE-CLR ef kveikt var fyrir.) Skrá upplýsingar um mælistað. Nota <F3>, örvatakka og lyklaborð. Station [númer] Line [alltaf núll] Elevation [tækishæð í mm] !
2. LEVEL <F5>	Stilla mælitæki lárétt. Færa þráðkross að miðju á litlum hring á skjánum. Nota skrúfur F og R á þristúfnum. Skrúfa L er alltaf látin óhreyfð. Bíða í nokkrar mínútur.
3. READ GRAV <F5>	Hefja mælingu. Mæling hefst eftir nokkrar sekúndur. Mælingamaður stendur eða situr grafkyrr og fylgist vel með álestri, staðalfráviki og stöðugleika tækis. Lítið, blátt gaumljós logar á meðan mælt er.
4. FINAL DATA <F5>	Niðurstöður og fyrri mæling.
5. RECORD <F5>	Skráning. Endurtaka skref 1–5 ef þörf er á.
6. ON/OFF	Slökkva á skjá.

---

Tafla 6: Þyngdarmælingar í ágúst 2013. Stöðvarmeðaltal.

Dagur og ferð	Tími	Mæli-stöð	Tækis-hæð (m)	Álestur	$\sigma$	N	Ei	Ath
10/8 01	08:43:14	5604	0,144	6585,892	0,023	3	6	4)
	09:08:39	NE24	0,129	6587,192	0,026	3	17	
	09:35:32	VR71	0,125	6589,535	0,024	4	17	
	10:02:36	NE24	0,129	6587,183	0,023	3	6	
	10:21:11	5604	0,135	6585,876	0,030	3	22	
	10:40:14	5603	0,131	6580,941	0,023	3	3	
	11:01:34	T517	0,127	6573,150	0,030	3	18	
	11:22:30	5603	0,129	6580,938	0,023	3	3	
	11:41:00	5604	0,123	6585,869	0,026	3	1	
11/8 02  03	10:48:58	BF11	0,131	6570,015	0,019	3	14	4)
	11:04:55	T517	0,128	6573,257	0,019	3	13	
	11:19:12	BF11	0,132	6570,004	0,019	3	2	
	11:49:31	BF15	0,136	6549,506	0,017	3	10	
	12:13:19	BF11	0,131	6570,000	0,024	3	4	
	13:50:46	5599	0,140	6573,345	0,013	3	25	3)
	14:10:12	BF15	0,132	6549,489	0,016	3	6	
	14:29:58	5599	0,142	6573,352	0,016	3	10	
	14:47:17	T517	0,121	6573,241	0,016	3	4	
	15:04:27	5599	0,142	6573,354	0,013	3	21	
	15:31:55	BF15	0,130	6549,503	0,016	3	18	
	16:01:18	6111	0,121	6540,515	0,013	3	7	
	16:29:40	6113	0,128	6539,498	0,013	3	13	
	16:55:33	6111	0,120	6540,519	0,015	3	11	
	17:21:00	BF15	0,130	6549,510	0,013	4	21	
17:42:03	5599	0,144	6573,378	0,015	3	8		
12/8 04  05	08:07:08	5599	0,139	6573,496	0,013	3	7	4)
	08:32:15	7157	0,127	6558,085	0,013	3	8	
	08:51:59	5599	0,140	6573,492	0,013	3	2	
	09:15:14	5597	0,128	6560,465	0,015	3	10	
	09:41:11	5595	0,128	6542,984	0,019	3	12	
	10:03:33	5597	0,127	6560,467	0,016	3	5	
	10:23:43	5599	0,142	6573,496	0,014	3	0	
	13:27:46	5604	0,131	6586,054	0,010	3	5	3) 4)
	14:03:17	BF12	0,127	6570,746	0,011	3	0	
	14:39:36	5604	0,131	6586,064	0,009	3	7	
	15:12:05	BF12	0,128	6570,758	0,011	3	2	
	15:53:13	BF14	0,133	6539,839	0,013	3	15	
	16:36:38	BF12	0,129	6570,773	0,010	3	7	
17:09:29	5604	0,133	6586,082	0,010	3	4		

Tafla 6: (Frh.) Þyngdarmælingar í ágúst 2013. Stöðvarmeðaltal.

Dagur og ferð	Tími	Mæli-stöð	Tækis-hæð (m)	Álestur	$\sigma$	N	Ei	Ath		
13/8 06	15:22:11	BF14	0,141	6539,987	0,007	3	5	2) 4)		
	16:24:28	NE95	0,134	6557,278	0,023	3	17	1)		
	16:35:28	NE91	0,133	6557,478	0,015	3	1	1)		
	16:46:13	NE95	0,136	6557,295	0,014	3	3			
	17:20:08	NE90	0,117	6557,177	0,008	3	1			
	17:30:26	NE95	0,141	6557,289	0,009	3	1			
	18:31:24	BF14	0,140	6540,033	0,008	3	17	4)		
14/8 07	14:22:26	TR34	0,117	6571,079	0,011	3	5	4)		
	14:48:24	TR19	0,121	6574,868	0,010	3	9			
	15:09:27	TR34	0,122	6571,085	0,010	3	23			
	15:34:17	TR32	0,126	6565,248	0,009	3	0			
	16:09:18	TR31	0,103	6556,879	0,008	3	1			
	16:33:16	TR32	0,127	6565,249	0,009	3	9			
	16:54:19	TR34	0,122	6571,097	0,010	3	0			
15/8 08	08:29:42	KB11	0,135	6555,189	0,026	3	38	1) 2)		
	08:50:27	5597	0,126	6560,753	0,020	3	30			
	09:11:30	KB11	0,134	6555,185	0,024	3	3			
	09:29:41	5595	0,129	6543,277	0,031	3	2		4)	
	09:46:17	KB11	0,134	6555,189	0,031	3	0			
	09	10:46:26	7157	0,125	6558,362	0,015	3		18	4)
		11:14:25	5604	0,133	6586,375	0,015	3		13	
11:45:06		7157	0,126	6558,376	0,016	3	8			
17/8 10	13:05:33	5685	0,130	6526,004	0,037	3	3	4)		
	13:25:12	KB11	0,135	6555,456	0,040	3	6	1) 2) 3)		
	13:46:25	5685	0,128	6526,015	0,042	3	0			
	14:26:24	6111	0,121	6541,230	0,029	3	4			
	14:59:15	KB11	0,134	6555,481	0,055	3	2			
18/8 11	08:28:45	7157	0,123	6558,715	0,038	3	22		4)	
	09:39:23	BF14	0,133	6540,462	0,033	3	10			
	10:11:19	KROV	0,145	6538,157	0,041	3	21			
	10:40:10	BF14	0,141	6540,462	0,035	3	11			
	11:09:45	BF13	0,131	6558,932	0,043	3	4			
	11:40:13	BF14	0,138	6540,458	0,044	3	3			
	12:53:23	7157	0,126	6558,671	0,051	3	6			
	12	14:59:02	KROV	0,146	6538,172	0,037	3	5		4)
		16:35:03	TR40	0,130	6553,748	0,024	4	11		
		17:19:10	KROV	0,150	6538,234	0,030	3	3		4)

Tafla 6: (Frh.) Þyngdarmælingar í ágúst 2013. Stöðvarmeðaltal.

Dagur og ferð	Tími	Mæli-stöð	Tækis-hæð (m)	Álestur	$\sigma$	N	Ei	Ath	
19/8 13	08:57:25	5604	0,129	6586,831	0,034	3	18	4)	
	09:24:31	VR71	0,111	6590,489	0,048	4	6		
	09:46:48	5604	0,130	6586,822	0,057	3	2	4)	
	10:30:07	TR19	0,120	6575,311	0,060	4	23	3)	
	11:12:08	5604	0,131	6586,798	0,038	4	10	3) 4)	
	14	14:22:20	TR32	0,132	6565,695	0,070	3	1	4)
		15:58:42	TR40	0,130	6553,860	0,056	4	11	
17:01:29		TR32	0,124	6565,747	0,051	4	11	4)	
22/8 15	08:49:24	5595	0,124	6544,179	0,053	3	9		
	09:51:13	KV20	0,136	6546,909	0,042	3	0		
	10:28:18	5678	0,122	6551,865	0,044	3	24		
	11:11:10	KV20	0,134	6546,870	0,044	3	0	1) 2)	
	12:11:08	5595	0,130	6544,094	0,053	3	0	4)	
	16	14:05:17	TR41	0,124	6585,043	0,036	3	15	
		14:32:29	VR71	0,117	6590,855	0,033	3	5	
		14:59:28	TR41	0,127	6585,063	0,038	3	5	
		15:28:07	TR19	0,124	6575,696	0,030	3	18	4)
		15:57:18	TR41	0,123	6585,075	0,033	3	8	
16:27:12		GDAL	0,132	6569,304	0,033	3	0		
17:03:13		TR41	0,122	6585,096	0,025	3	9		
26/8 17	08:45:20	6111	0,129	6542,148	0,031	3	11	4)	
	09:22:57	5685	0,128	6526,966	0,043	3	2		
	09:55:41	6111	0,127	6542,159	0,025	3	26	4)	
	10:57:12	5673	0,128	6527,450	0,026	3	11		
	11:54:43	6111	0,120	6542,148	0,031	3	11	4)	
	18	13:23:13	5604	0,133	6587,593	0,026	3	18	4)
		14:04:15	GDAL	0,132	6569,676	0,044	3	6	
		14:52:17	5604	0,129	6587,592	0,024	3	8	4)
		15:29:08	TR19	0,123	6576,094	0,035	3	16	
		16:14:17	GDAL	0,133	6569,687	0,040	3	0	
		16:56:05	TR19	0,121	6576,119	0,030	3	4	
17:31:28		5604	0,131	6587,636	0,022	3	7	4)	
17:59:20		AMTM	0,140	6567,839	0,046	3	3		
18:29:03	5604	0,132	6587,646	0,024	3	8	4)		

Tafla 6: (Frh.) Þyngdarmælingar í ágúst 2013. Stöðvarmeðaltal.

Dagur og ferð	Tími	Mæli-stöð	Tækis-hæð (m)	Álestur	$\sigma$	N	Ei	Ath
27/8 19	08:21:22	BF11	0,123	6571,688	0,028	4	9	4)
	08:41:44	AMTM	0,143	6567,857	0,042	3	5	
	09:08:01	BF11	0,128	6571,693	0,032	3	6	4)
20	10:06:07	T517	0,118	6574,905	0,029	3	8	4)
	10:23:29	K89	0,128	6561,364	0,028	3	22	
	10:42:08	T517	0,118	6574,920	0,028	3	5	4)
	11:01:23	5697	0,127	6574,866	0,026	3	12	
	11:22:35	T517	0,117	6574,934	0,026	3	3	4)
21	14:01:10	KROV	0,149	6539,118	0,024	3	14	4)
	14:57:06	NE95	0,130	6558,708	0,028	3	3	1)
	16:11:09	5678	0,121	6552,269	0,033	3	5	
	17:34:39	NE95	0,139	6558,697	0,030	3	1	
	18:56:12	KROV	0,147	6539,111	0,029	3	21	4)
28/8 22	08:47:12	NE61	0,131	6527,592	0,017	3	14	
	09:24:19	5671	0,141	6545,668	0,022	3	18	
	09:53:20	5595	0,132	6544,619	0,027	3	19	4)
	10:23:34	5671	0,139	6545,674	0,016	3	11	
	10:57:58	NE61	0,129	6527,591	0,016	3	18	
	11:35:00	NE19	0,120	6535,956	0,016	3	2	
	11:58:02	NE61	0,130	6527,595	0,014	3	10	
23	14:14:14	NE19	0,120	6535,959	0,019	3	0	
	15:14:28	TR31	0,112	6558,239	0,018	3	7	4)
	16:25:17	NE19	0,119	6535,959	0,018	3	14	
24	19:16:10	5604	0,133	6587,773	0,018	3	0	4)
	20:06:50	7426	0,129	6678,917	0,014	4	3	
	21:04:18	5604	0,131	6587,765	0,012	3	3	4)
29/8 25	07:58:15	6111	0,121	6542,296	0,016	3	60	4)
	09:01:07	7382	0,117	6563,091	0,022	3	8	
	09:35:49	AMTM	0,137	6567,939	0,027	3	28	
	10:04:09	7382	0,129	6563,093	0,025	3	16	
	11:01:49	6111	0,124	6542,281	0,019	4	53	4)

- 1) Rangt stöðvarnafn (númer) skráð í mælitæki.
- 2) Röng tækishæð skráð í mælitæki.
- 3) Ekki notað við úrvinnslu.
- 4) Þekkt stöð í mæliferð.

### 3.3 Úrvinnsla og niðurstöður

Helstu forskriftir og aðgerðir við úrvinnslu þyngdarmælinganna eru taldar í töflu 7 og eftirfarandi listi gefur yfirlit um úrvinnslu mælinganna.

1. Tækishæðir skráðar í mælibók eru bornar saman við tækishæðir skráðar í mælitæki. Mælingum hvers dags er skipt niður í mæliferðir og kannað hvort álestrar sýni stór frávik frá stöðvarmeðaltali.
2. Gerð er skráin *gravos.gra*. Það er tækistafla fyrir Scintrex-þyngdarmælinn byggð á upplýsingum frá framleiðanda um að tækisfastinn (scale factor) sé 1,000000.
3. Gerð er skráin *gravos.grc* með upplýsingum um hæð og legu þyngdarmælistaða. Hnit eru sótt í niðurstöður GPS-mælinga Jarðvísindastofnunar 2013 (Vincent Jean Paul B. Drouin, óbirt gögn). Hæðir eru reiknaðar með forriti *ell2ele* og „bias“ -1,171.
4. Gerð er skráin *gravos.grr*. Hún geymir stöðvarmeðaltöl allra mælinga í netinu með líkum hætti og tafla 6. Þar sést hvernig mælingum hvers dags er skipt í mæliferðir og hvaða stöðvar eru notaðar sem þekktar. Álestur í töflu 6 er vegið meðaltal  $N$  álestra með vogtölu  $1/\sigma_i^2$ . Einnig kemur fram hvenær mælt var í hverri stöð (meðaltími), tækishæð eins og hún er skráð í mælibók og fjöldi (1 Hz) mælinga sem er hafnað ( $E_i$ ).
5. Gerð er skráin *gravos.grb*. Hún geymir upplýsingar um stöðvar með þekktri þyngd í hverri mæliferð. Fyrst er aðeins ein færsla í skránni og litið á þyngd í stöð 5604 við Reykjahlíð sem þekktá. Forritið *gravos* er notað nokkrum sinnum til að reikna óþekktar stöðvar. Eftir hverja keyrslu er smám saman bætt við upplýsingum í *gravos.grb* um þyngd í stöðvum sem nota þarf sem þekktar. Formúlur kenndar við Longman til að leiðrétta fyrir áhrifum tungls og sólar eru innbyggðar í forritið (Gunnar Þorbergsson o.fl., 1984; Longman, 1959).
6. Mælingum er jafnað með forritinu *gnet*. Þyngd í stöð 5604 er haldið fastri og hún valin þannig að þyngd í grunnstöð OS7426 á Aðaldalsflugvelli verði 982370,648 mgal eftir jöfnun (Gunnar Þorbergsson o.fl., 1990). Upplýsingar um þyngd í stöðvum í skrá *gravos.grb* er breytt til samræmis við niðurstöður jöfnunar og þyngd í mælistöðvum er reiknuð aftur með forritinu *gravos*. Mælingum er jafnað aftur með forritinu *gnet* og þyngd í stöð 5604 haldið fastri.

Á mynd 2 er tala, sem hringur er dreginn um, inni í hverjum marghyrningi. Tölurnar eru samtala mælds þyngdarmunar (í einingum  $\mu gal$ ) réttisælis á milli mælistaða í lokuðum marghyrningi. Ef mælingar hefðu tekist fullkomlega væru allar tölurnar 0. Lágar tölur sýna að ekki eru grófar skekkjur í mælingum.

Niðurstöður eru gefnar í töflu 8. Stærsta meðalskekkja er 0,008 mgal í stöð 5673, sem er mæld sem útskot frá 6111. Algeng meðalskekkja er á bilinu 0,004 til 0,007 mgal ( $1mgal = 10^{-5}m/sek^2$ ).

Tafla 7: *Helstu forskriftir við úrvinnslu þyngdarmælinga.*

Forrit	Höfundur	Aðgerð
cg5nam	IPM	Breytir „gervi“númerum í stytt heiti.
cg5cut	IPM	Velur gögn og/eða hafnar gögnum úr einni mæliferð.
cg5ave	IPM	Reiknar stöðvarmeðaltöl.
cg5grr	IPM	Breytir gögnum í .grr format
gravos	GP	Reiknar út úr einni mæliferð.
gnet	GP	Jafnar mælingum í þyngdarneti.
ell2ele	GP	Reiknar hæð yfir sjó samkvæmt hæð yfir sporvölu.

Tafla 8: *Niðurstöður þyngdarmælinga 2013.*

Stöð	Breidd	Lengd	Hæð (m)	Þyngd (mgal)	Meðal- skekkja	Upp- stillingar
5595	65° 42' 51,6"	16° 46' 00,0"	551,9	982236,387	0,005	5
5597	65° 41' 56,7"	16° 46' 14,2"	458,2	982253,866	0,006	3
5599	65° 40' 54,8"	16° 46' 31,0"	394,9	982266,899	0,005	5
5603	65° 38' 21,8"	16° 51' 46,2"	319,2	982274,569	0,005	2
5604	65° 38' 31,1"	16° 53' 56,8"	295,5	982279,502	FIXED	14
5671	65° 43' 45,8"	16° 45' 03,5"	556,0	982237,440	0,007	2
5673	65° 43' 10,7"	16° 43' 18,5"	640,1	982219,343	0,008	1
5678	65° 43' 21,4"	16° 48' 53,1"	520,8	982244,113	0,006	2
5685	65° 42' 07,9"	16° 43' 38,5"	627,1	982218,856	0,006	3
5697	65° 39' 51,4"	16° 47' 33,5"	381,3	982266,722	0,007	1
6111	65° 42' 05,9"	16° 41' 31,5"	557,5	982234,045	0,005	7
6113	65° 41' 31,9"	16° 39' 37,7"	535,8	982233,029	0,007	1
7157	65° 41' 29,7"	16° 48' 39,5"	471,5	982251,487	0,004	5
7382	65° 42' 50,8"	16° 32' 10,8"	413,0	982254,853	0,006	2
7426	65° 57' 19,7"	17° 25' 04,2"	12,0	982370,648	0,006	1
AMTM	65° 39' 33,7"	16° 34' 06,5"	377,5	982259,705	0,005	3
BF11	65° 38' 42,7"	16° 42' 11,2"	366,0	982263,532	0,005	5
BF12	65° 39' 21,3"	16° 53' 15,6"	373,8	982264,196	0,005	2
BF13	65° 40' 37,3"	16° 52' 30,2"	455,1	982251,750	0,007	1
BF14	65° 41' 43,5"	16° 53' 43,4"	558,5	982233,274	0,004	6
BF15	65° 40' 53,7"	16° 42' 59,5"	502,6	982243,036	0,005	4
GDAL	65° 44' 30,6"	16° 57' 19,2"	427,4	982261,578	0,004	3
K89	65° 38' 52,0"	16° 49' 25,8"	425,0	982253,235	0,007	1
KB11	65° 42' 33,6"	16° 46' 15,5"	490,9	982248,302	0,006	4
KROV	65° 42' 34,4"	16° 52' 35,7"	576,9	982230,970	0,005	5
KV20	65° 43' 02,4"	16° 48' 26,1"	538,0	982239,143	0,007	2
NE19	65° 45' 40,5"	16° 44' 03,8"	612,5	982227,713	0,007	3
NE24	65° 39' 15,0"	16° 56' 03,7"	292,6	982280,803	0,005	2
NE61	65° 44' 44,3"	16° 44' 09,4"	646,8	982219,356	0,007	3

Tafla 8: (Frh.) Niðurstöður þyngdarmælinga 2013.

Stöð	Breidd	Lengd	Hæð (m)	Þyngd (mgal)	Meðal- skekkja	Upp- stillingar
NE90	65° 43' 29,2"	16° 51' 02,9"	503,4	982250,428	0,007	1
NE91	65° 43' 29,2"	16° 51' 02,9"	503,4	982250,745	0,007	1
NE95	65° 43' 29,2"	16° 51' 02,9"	503,4	982250,552	0,005	5
T517	65° 38' 49,1"	16° 46' 24,6"	359,4	982266,779	0,004	6
TR19	65° 47' 02,6"	17° 00' 34,0"	394,5	982267,988	0,004	4
TR31	65° 47' 58,5"	16° 47' 49,6"	508,3	982249,987	0,007	2
TR32	65° 47' 44,1"	16° 50' 35,6"	470,5	982258,362	0,006	4
TR34	65° 47' 32,5"	16° 55' 33,5"	424,3	982264,204	0,006	3
TR40	65° 45' 21,3"	16° 50' 33,5"	510,9	982246,496	0,006	2
TR41	65° 43' 21,8"	17° 03' 07,1"	357,2	982277,356	0,005	4
VR71	65° 38' 42,3"	16° 59' 58,7"	279,9	982283,154	0,004	3

## 4 Þyngdarbreytingar frá 2000 til 2013

